

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 27. mars 2026

Mál nr. S-7486/2025:

Héraðssaksóknari

(Karl Ingi Vilbergsson, settur varahéraðssaksóknari)

gegn

Ívari Heimissyni

(Inga Lillý Brynjólfssdóttir lögmaður)

Dómur

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Mál þetta, sem dómtekið var 5. mars sl., var höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 18. desember 2025, á hendur: „Ívari Heimissyni, kennitala [...], [...] í Kópavogi, fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás og vopnaburð á almannafæri, með því að hafa að kvöldi föstudagsins 11. júlí 2025, fyrir utan verslun Nettó við Þönglabakka í Breiðholti, slegið A, kennitala [...], fyrirvaralaust hnefahöggi í andlitið þannig að A féll til jarðar. Og, er A stóð upp og dró fram hníf, tekið upp útdraganlega kylfu, er ákærði geymdi í buxnastræng sínum, og slegið henni í átt að höfði A, sem bar fyrir sig vinstri handlegg þannig að kylfan hafnaði á handleggnum og brotnaði. Hlaut A roða á vinstri vanga og sár innan á vinstri kinn.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. og [c-lið] 2. mgr. [...] 30. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr., vopnalaga nr. 16/1998.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

- Ákærði krefst þess að hann verði sýknaður, til vara að honum verði ekki gerð refsing, en til þrautavara að hann verði dæmdur til vægustu refsingar er lög leyfa. Þá krefst verjandi ákærða hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins sem greiðist úr ríkissjóði.

3. Upphaf málsins verður rakið til þess að lögregla var að kvöldi föstudagsins 11. júlí sl. kölluð á vettvang við Nettó í Mjódd vegna átaka á milli tveggja manna og þegar hún var á leið á vettvang barst henni tilkynning um að hníf hefði verið beitt í átökunum. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu hafi ákærði verið liggjandi á jörðinni á vettvangi, á milli Nettó og Prinsins, og sjá mátti að hann var með blæðingu rétt fyrir ofan viðbein. Var ákærði fluttur á bráðamóttöku. Á grundvelli upplýsinga sem lögregla aflaði á vettvangi, þ. á m. upptöku af atvikum, var talið að brotþoli væri sá aðili sem hefði veist að ákærða með hníf. Reyndist hann hafa farið á hlaupum af vettvangi en lögregla fann hann skammt frá.
4. Þá er í frumskýrslu vísað til þess að vitni á vettvangi hefðu séð ákærða og brotþola vera að rífast. Í kjölfar þess hefði brotþoli stungið ákærða með hníf. Á jörðinni rétt hjá þar sem ákærði lá var brotin útdraganleg kylfa. Einnig segir í skýrslunni að á upptöku sjáist ákærði sveifla einhverju áhaldi sem lítur út eins og kylfa ásamt áhaldi sem lítur út eins og hnífur. Skýrslunni fylgdu ljósmyndir af framangreindri kylfu og hníf sem brotþoli kastaði frá sér og fannst skammt frá vettvangi.
5. Brotþoli lagði fram kæru hjá lögreglu, dagsetta 21. ágúst 2025, sem barst lögreglu 26. sama mánaðar, fyrir hótun, ofbeldisbrot og vopnalagabrot vegna atvika í aðdraganda hnífstungunnar. Er ákærði þar talinn hafa slegið brotþola í andlitið með kylfu sem við það féll til jarðar og hótað honum með ólögumætu vopni. Þá er því lýst þar að ákærði hafi tekið upp hníf. Um atvik vísaði brotþoli til upptöku af atvikum. Í kærinni eru meint brot brotþola talin varða við 217. og 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. og 2. mgr. 30. gr. vopnalaga nr. 16/1998.
6. Samkvæmt upplýsingaskýrslu lögreglu frá 17. september sl. bárust lögreglu sex upptökur af atvikum sem sýndu þrjú mismunandi sjónarhorn og setti sérfræðingur í myndgreiningu upptökurnar saman í eitt myndband sem er alls sex mínútur og 45 sekúndur að lengd. Þar sést m.a. hvar ákærði stendur við bifhjól sitt á bifreiðastæðinu næst húsnæðinu við Þönglabakka í Mjódd. Brotþoli sést koma út úr húsnæðinu og ganga í átt að ákærða og þegar hann nálgast sést að ákærði snýr sér skyndilega við og slær brotþola kröftugu hnefahöggi beint í andlitið. Við höggið fellur brotþoli í jörðina. Ákærði gengur því næst ógnandi að brotþola, sem liggur enn á jörðinni, og virðist hreyta einhverju í hann. Við það er sem brotþoli snöggreiðist, nær að rísa á fætur og draga fram hníf. Við það dregur ákærði fram kylfu og eru þeir um stund að ógna hvor öðrum með vopnum sínum. Ákærði slær brotþola einu höggi með kylfunni og sést síðan sparka í bakpoka brotþola og

henda farsíma hans til. Við þetta rýkur brotapolí í átt að ákærða og stingur til hans með hnífnum á meðan ákærði er að forða sér frá. Ákærði er að sjá særður og brotapolí fer á brott. Þegar ein mínúta og 39 sekúndur eru liðnar af myndbandinu kemur hljóð á það. Virðist ákærði segja brotapolá ítrekað að *drulla sér í burtu* á meðan ákærði ógnar brotapolá. Brotapolí virðist vera að biðja um að fá að taka dótið sitt og heyrir að auki þegar hann er að biðja um að hringt verði á lögregluna.

7. Í kjölfarið fylgja upptök úr farsímum vegfarenda er sýna hvar ákærði og brotapolí eru fyrir utan Nettó í Þönglabakka/Mjóddinni og virðast vera í heiftarlegu rifrildi og ógna hvor öðrum. Brotapolí er vopnaður hníf og er mjög ógnandi og ákærði virðist jafnframt vera vopnaður einhvers konar kylfu í hægri hendi og mögulega með eggvopn í vinstri hendi og virðist sömuleiðis nokkuð æstur. Þegar liðnar eru þrjár mínútur og 53 sekúndur af myndbandinu sést síðan hvar brotapolí hleypur/gengur rösklega í átt að ákærða og beinir hnífnum í tvígang að líkama ákærða, sem reynir að forða sér. Ákærði er greinilega særður eftir árásina en brotapolí hefur sig á brott.
8. Fyrir liggur skýrsla tæknideildar um skoðun á vettvangi og réttarlæknisfræðilega skoðun á brotapolá sem þá var sakborningur. Segir í skýrslunni að hann hafi ekki verið með teljandi áverka utan lítils sárs innan á vinstri kinn. Þá var hann með sár á hægri olnboga og hægra hné með hrúðri og virtust þau hálfgróin. Blóðsýni var tekið úr brotapolá til alkóhólrannsóknar. Skýrslunni fylgja myndir af vettvangi ásamt skýringum og myndir af brotapolá og kemur þar fram að hann hafi einnig verið bólginn á vinstri vanga.
9. Fyrir liggur skýrsla tæknideildar, dagsett 2. október 2025, um ljósmyndun og vigtun á kylfu. Samkvæmt skýrslunni er um að ræða svarta útdraganlega kylfu sem var brotin. Var kylfan í þremur meginpörtum, fremst er mjó málmstöng með hnúð á endanum. Þegar kylfunni er ýtt saman rennur þessi endi inn í þykkari hólk sem er fyrir miðju kylfunnar og rennur sá hólkur inn í ennþá þykkari plasthólk sem er handfang. Neðst í kylfunni er segull sem heldur kylfunni lokaðri þangað til henni er slegið fram. Miðjuhólkur kylfunnar er brotinn, auk þess sem skemmdir eru á handfangi hennar. Ekki náðist að fella brotin saman að fullu en sennilega hefur eitthvað af plasti brotnað frá þegar kylfan brotnaði. Kylfan er merkt með orðinu [...] og reyndist þyngd hennar vera 231,99 g. Að fullu útdregin eftir að brotunum hafði verið raðað saman er kylfan 56 cm löng en lokuð eða samanbrotin er hún 23 cm löng. Kylfan er 2,9 cm að þvermáli þar sem hún er þykkust. Skýrslunni fylgdu ljósmyndir af kylfunni.
10. Skýrsla var tekin af *brotapolá* 12. júlí 2025 og hafði hann þá réttarstöðu sakbornings.

Kvaðst hann lítið muna eftir atvikum, hann hefði verið mjög ölvaður þegar atvik gerðust og minni hans gloppótt. Sagði brotápoli að ákærði hefði verið að sveifla útdraganlegri kylfu í áttina að honum og hann hefði sveiflað hníf í áttina að ákærða en hann hefði aldrei ætlað að meiða nokkurn mann. Muni hann ekki hvort hnífurinn hefði farið í ákærða. Hann muni ekki aðdragandann að atvikinu, hafi ekki þekkt ákærða og aldrei hitt hann áður. Brotápoli kvaðst hafa verið í mikilli neyslu undanfarið, bæði á áfengi og ópíóíða, og vegna ofsóknarkenndar sé hann ávallt með í fórum sínum stóran svartan eldhúshníf sem sé í slíðri. Annað hvort hefði hann verið með hnífinn í tösku sem hann hafði meðferðis eða á sér.

11. *Brotápoli* gaf á ný skýrslu 17. júlí 2025 með réttarstöðu sakbornings. Kvaðst hann muna eftir því að hafa veist að með hníf að ákærða umrætt sinn. Ákærði hefði ráðist á brotápoli og voru þetta kannski ýkt viðbrögð, sjálfsvarnarviðbrögð. Ætlun hans hefði ekki verið sú að drepa eða skaða ákærða. Hann hefði upphaflega farið í Mjódd til að kaupa fíkniefni en það hefði ekki gengið eftir og hann byrjað að drekka áfengi með einhverju fólki sem hann þekkti ekki. Hann hefði orðið mjög ölvaður og verið í slæmu andlegu ástandi. Muni hann eftir því að einhver maður sem hann kunni engin deili á hefði verið að atast í honum og slegið í áttina til hans með kylfu og síðan slegið hann með kylfunni. Ákærði hefði verið að segja honum að vera ekki að fokkast í sér og kvaðst hann hafa bakkað en ákærði farið á eftir honum. Kvaðst hann hafa gripið til hnífsins í kjölfar þess að ákærði hefði slegið hann og sveiflað hnífnum í áttina að ákærða sem hefði bakkað. Honum hefði þá fundist ákærði vera ógnandi veifandi kylfu. Kvaðst brotápoli ganga með hníf á sér þar sem hann væri með paranoju eftir að fimm manns réðust á hann vegna fíkniefnamáls. Þá kom fram hjá brotápoli að hann hefði verið aumur í vanganum eftir kylfuhöggið.
12. Brotápoli var sýnd upptaka af atvikum og kvaðst hann þekkja sig þar sem þann sem stakk ákærða og sagði að greinilega hefði fullt verið búíð að ganga á áður. Ákærði hefði verið búinn að slá hann í andlitið og hann hefði verið að reyna að koma sér í burtu. Væri honum brugðið við að sjá upptökuna þar sem hann hafi fyrir fram haldið að hann hefði verið að verja sig. Benti brotápoli á að á upptökunni væri ekki að sjá undanfara þess að það kom til átaka þar sem ákærði hefði verið að veitast að honum með kylfu og slegið hann m.a. með henni í andlitið. Kynnt að ákærði hefði sagt að brotápoli hefði gengið hart eftir því að fá bifhjól ákærða sem hefði orðið hálfskelkaður kvaðst brotápoli ekki kannast við það.
13. Einnig var tekin skýrsla af *brotápoli* 8. september 2025 með réttarstöðu sakbornings.

Var brotþola sýnt myndband þar sem upptökum af atvikinu hafði verið skeytt saman. Hafnaði brotþoli því að einhver orðaskipti hefðu átt sér stað á milli hans og ákærða áður en ákærði sló hann og að hann hefði ætlað að ræna ákærða. Kvaðst hann hafa séð ákærða bæði með kylfu og vasahníf sem hann rámi í að ákærði hafi sett opinn í vasann.

14. Skýrsla var tekin af *ákærða* með réttarstöðu vitnis 14. júlí 2025 þar sem hann var innliggjandi á Landspítalanum. Kvaðst hann umrætt sinn hafa farið í King Kong í Mjódd til að ná sér í rafrettu. Þegar hann hefði komið út úr versluninni hefði brotþoli staðið við bifhjólið hans og heimtað að hann afhenti sér lyklana að hjólinu. Hann hefði neitað honum um það. Haldi hann að brotþoli hefði verið að ógna honum með hníf, draga hníf upp úr einhvers konar hulstri, svona rétt draga hann upp til að sýna ákærða. Kvaðst hann fyrir einhverja tilviljun hafa ákveðið að sveifla hendinni og hefði hann kýlt brotþola eitt högg þannig að brotþoli datt niður. Hann hefði ætlað að reyna að komast á hjólið og koma sér í burtu frá honum en brotþoli hefði staðið upp, hlaupið á eftir honum og náð honum upp við bifreið og stungið hann í bakið. Ekki hefði verið nein ástæða fyrir árásinni, hann þekki brotþola ekki neitt.
15. Ákærði sagði að þetta hefði verið frekar stór hnífur, kjöthnífur eða matarhnífur. Hann hefði slegið til brotþola af því að brotþoli hefði virkað á hann eins og hann myndi beita hnífnum. Kvaðst hann ekki hafa skýringu á því hvers vegna hann hefði slegið brotþola en haldi að þetta hafi verið varnarviðbrögð. Brotþoli hefði verið stór, frekar öflugur og frekar rólegur og dálítið eins og hann væri ekki alveg heill í höfðinu. Þegar brotþoli hefði staðið upp hefði ekki farið á milli mála að hann var með hníf. Kvaðst hann hafa reynt að komast undan brotþola, hefði hann ætlað að taka hring í kringum bifreið og reyna að komast á hjólið og komast í burtu en brotþoli hefði einhvern veginn náð honum og þá hefði hann farið utan í bílinn og hefði hann fundið fyrir hnífstungunni.
16. Var ákærða kynnt að á upptöku sem liggur fyrir virðist hann vera með útdraganlega kylfu dansandi í kringum brotþola sem var með hníf og hefðu þeir jafnframt átt í einhverju orðaskaki. Kvaðst ákærði muna eftir að hafa slegið brotþola, myndi ekki eftir að hafa verið með kylfu en útilokaði það ekki. Honum hefði fundist brotþoli vera að sýna honum hníf þegar hann bað um lyklana að hjólinu eins og hann væri að hóta honum með hnífnum. Sjálfur hefði hann verið búinn að drekka tvo bjóra, hálf rauðvínsglas og taka tvær línur af kókaíni á þremur til fjórum tímum áður en þetta gerðist en kvaðst ekki hafa verið illa áttaður þegar þetta gerðist. Þá minnst hann þess að brotþoli hefði gargað að hann ætlaði að drepa hann.

17. Ákærði gaf skýrslu á ný 8. september 2025 og var hann þá með réttarstöðu sakbornings. Kvaðst hann þá engu vilja bæta við fyrri framburð. Honum hefði ekki litist á ástandið þegar brotþoli bað hann um lyklna að hjólinu og hótaði honum. Honum hefði fundist eins og brotþoli væri ekki í stöðugu ástandi og hefði þá kýlt einhvern veginn frá sér. Telji hann að hann hefði dregið upp kylfu en hann muni ekki eftir því. Brotþoli hefði sýnt honum eða bent á eitthvað sem honum virtist vera skaft á hníf eða einhverju og þá hefði hann kýlt brotþola og ætlað að fara á hjólið en það hefði verið slökkt á því. Þá hefði hann reynt að reka brotþola í burtu með því að sparka dótinu hans frá en brotþoli hefði verið með tvo poka með sér. Síðan muni hann ekki meira. Staðfesti ákærði að brotþoli hefði hótað því að stinga hann áður en hann sló brotþola. Kvaðst hann hafa slegið brotþola einu sinni á kinnina. Finnist honum í minningunni eins og hann hefði gengið aðeins í burtu frá brotþola en komið til baka og verið að reka hann í burtu.
18. Þá var borin undir ákærða kæra brotþola á hendur honum vegna líkamsárásar umrætt sinn og tjáði ákærði sig ekki að öðru leyti um kærana en svo að hann hafnaði því að hafa sjálfur tekið upp hníf en kvaðst hafa verið með hníf með sér. Um sé að ræða svartan hníf sem þurfi að opna og ýta á takka til að aflæsa honum. Telji hann að lengd blaðsins sé um 8 cm og sé úr ryðfríu stáli en ekki svart.
19. Ákærða var sýnt myndband þar sem þær upptökur sem fyrir liggja af atvikum hafa verið settar saman í eina. Kvaðst hann þekkja sig á upptökunni og kannast við að hafa slegið brotþola og telja að þarna megi sjá atvik eins og hann muni eftir þeim. Hann hefði verið að reka brotþola í burtu eftir að brotþoli hafði beðið hann um lyklna að hjólinu. Þá sjái hann að brotþoli reyndi að stinga hann tvisvar sinnum. Brotþoli hefði fljótlega verið kominn með hnífinn í hendurnar og hefði ákærði sagt honum að fara. Skilji ákærði ekki hvers vegna hann kýldi brotþola strax en telji að óöryggi hafi gripið sig. Brotþoli hafi ekki beint verið að hóta honum í upphafi en sagt honum að láta sig hafa hjólið eða lyklna að hjólinu. Hann hefði þá snúið sér við, séð að brotþoli var með hníf og kýlt hann. Brotþoli hefði náð í hnífinn þegar hann var liggjandi og kvaðst ákærði hafa séð á myndbandinu að þá hefði hann dregið upp þessa kylfu sem hann muni ekki eftir. Þá muni hann eftir að hafa hlaupið frá brotþola en haldið að hann hefði hlaupið lengra út á planið.
20. Staðfesti ákærði að seinna sjáist á upptökunni að hann hafi verið kominn með útsláttar-kylfuna í hægri höndina og sagði að það sjáist á upptökunni að kylfan hafi brotnað þegar hann sló brotþola. Væri um að ræða plastkylfu. Kvaðst hann telja að hann hefði verið með handfangið af kylfunni í hendinni eftir að hann var stunginn.

21. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur [...] 2025, í máli nr. S-[...]/2025, var brotþoli sakfelldur fyrir tilraun til manndráps með því að hafa í kjölfar þeirra atvika sem greinir í ákæru veist að ákærða með 28 sentimetra löngum hníf og reynt að stinga hann í síðuna og í beinu framhaldi stungið hann í hægri öxl, rétt ofan við viðbein, og þannig reynt að svipta hann lífi. Í dómnum er það rakið að hnífsblaðið hafi verið 14,5 cm og mesta breidd þess 3,5 cm.

II

Skýrslutökur fyrir dómi

22. Ákærði neitar sök. Telur hann að háttseminni sé rétt lýst í ákæru utan þess að hann hafi ekki slegið með kylfunni í áttina að höfði brotþola heldur í átt að hendi hans. Beri hann fyrir sig neyðarvörn, auk þess sem hann mótmæli heimfærslu háttseminnar til 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
23. Ákærði kvaðst hafa komið í Mjódd til að kaupa sér veipu og fara í Nettó. Brotþoli hefði komið aftan að honum og hefði hann strax rekið augun í það að hann var vopnaður hníf sem hefði verið við vinstri hlið brotþola og komið niður úr buxnastreng hans. Hann hefði séð það um leið og hann sneri sér við og horfði niður og var það áður en hann sá andlitið á brotþola. Brotþoli hefði síðan hrasað einhvern veginn um sjálfan sig og fallið fram á við og hefðu það þá verið ósjálfráð viðbrögð hans að slá hendinni út frá sér þannig að hún hafnaði á vinstri kinn brotþola. Hann hefði aldrei ákveðið að gera þetta, hefði ekki miðað á andlit brotþola og hefði brotþoli ekki farið fram af þessum kanti hefði höggið líklega endað á brjóstkassanum á honum. Við höggið hefði brotþoli fallið á jörðina. Gerðist þetta allt á þremur, fjórum sekúndum. Hann hefði ekki áttað sig á því að brotþoli hefði misstigið sig en séð brotþola fara fram eins og hann væri að fara að veitast að honum.
24. Ákærði kvaðst, eftir að brotþoli datt á jörðina, hafa farið í einhvers konar *panik* út af stærð hnífsins og farið að öskra á brotþola í einhverju fátí, m.a. *hvað ertu að gera með þetta á þér, láttu mig vera, kondu þér í burtu*. Þegar brotþoli hefði verið að standa upp hefði ákærði sagt við brotþola að hann ætlaði að gera honum einhvern óleik og þá hefði hann sagt *kondu, kondu, kondu*, bara og gargað eitthvað á brotþola til að reyna að vera ógnandi. Kvaðst ákærði ekki hafa veist meira að brotþola fyrr en brotþoli bað hann um að rétta sér símann sinn sem lá á jörðinni. Þegar hann hefði teygt sig eftir símanum hefði brotþoli dregið upp hnífinn. Ákærði sagði að hann hefði dregið upp kylfuna og slegið

brotapola með kylfunni í því skyni að reyna að slá hnífinn úr hendinni á honum. Brotapoli hefði stigið hálf skref fram og borið fyrir sig vinstri höndina og þá verið með hnífinn í hinni hendinni. Lýsti ákærði því að brotapoli hefði sett höndina beint upp með hnefann krepptan og hefði brotapoli síðan reynt að sveifla hnífnum í hann. Kvaðst ákærði hafa verið með plastkylfu sem hann hefði keypt á Temu sem vó 200 g og hefði hún mölbrotnað en enginn áverkni hefði komið á höndina á brotapola.

25. Var ákærða kynnt að brotapoli virðist hafa beðið hann um að fara og sagði ákærði að það hefði alveg verið í boði en brotapoli vildi bara ekki sleppa takinu á hnífnum. Sjálfur hefði ákærði einnig haft tækifæri til að fara í burtu en þetta væru ekki aðstæður sem hann lenti í á hverjum degi. Viðbrögð hans hefðu kannski ekki verið rétt en hann hefði ekki verið með neitt slæmt í huga. Hann hefði t.d. ekki fylgt eftir högginu eftir að ákærði féll á jörðina heldur reynt að gera sig breiðan í þeirri von að ákærði færi í burtu. Ákærði telji að brotapoli hafi ekki ætlað sér að fara og hafi haft eitthvað í huga varðandi rafmagnhjólíð sem ákærði var á og því hefði ákærði ekkert ætlað að gefa sig í samskiptum við brotapola.
26. Ákærði kvaðst hafa verið búinn að drekka tvö rauðvínsglös þetta kvöld en hann hafði farið út á lífið kvöldið áður og hefðu mælst í honum leifar af kókaíni. Sjálfur telji hann ekki að þetta hafi truflað dómgreind hans. Hann viti að hann hefði verið aðeins æstur en þetta hefði meira verið hræðsla. Kvaðst ákærði hafa verið með kylfuna inni á sér og einnig með gamlan vasahníf innan á mótörhjóla jakka sem hann var í. Yfirleitt væri hann ekki vopnaður en fyrri reynsla af því að vera úti á föstudagskvöldi á rafmagnshjólínu hefði valdið því þar sem hann hefði lent í alls konar veseni.
27. Ákærði sagði að í upphafi hefði hann ekki beint verið að hugleiða að ganga í burtu en svo hefði komist ró yfir þegar aðeins hefði liðið á og brotapoli hefði beðið hann um að rétta sér símann. Þegar hann hefði teygt sig eftir síma brotapola hefði hegðun brotapola breyst og hefði hann áttað sig á því að brotapoli ætlaði sér ekkert gott og taldi að hann hefði ætlað að taka af honum rafmagnshjólíð. Kvaðst ákærði hafa verið frekar skelkaður á meðan á þessu stóð og orðið sífellt hræddari eftir því sem leið á en þetta hefði verið frekar stór hnífur sem brotapoli var með. Fannst honum brotapoli vera í annarlegu ástandi og hefði það verið svolítið *sækó* hvernig brotapoli svaraði honum og hversu rólegur og einbeittur hann var en sjálfur hefði hann verið æstur og sjáist það á myndbandinu. Kvaðst ákærði hafa varað nærstadda við því þegar brotapoli lá á jörðinni að hann væri vopnaður hníf. Þá sagði ákærði að eini áverkinn sem brotapoli hefði hlotið vegna hnefahöggsins

hefði verið smá roði á kinn.

28. Ákærði sagði að hann væri ekki vinnufær vegna líkamlegra áverka og áfallastreitu-röskunar sem hann væri að glíma við vegna hnífstungunnar. Þá væri líkamstjón hans enn ekki alveg komið í ljós en virðist vera meira en hann átti von á og væri hann oft mjög verkjaður og ætti erfitt með hreyfingar. Allt hans líf hefði farið í rugl eftir þetta, m.a. [...], en hann væri enn að vinna í sínum málum, m.a. með áfallateymi á Landspítalanum.
29. Ákærða var sýnt framlagt myndband af atvikum. Spurður kvaðst hann örugglega hafa séð brotþola þegar hann kom gangandi en ekki tekið beint eftir honum. Þá hefði brotþoli ekki verið ógnandi að hans mati en í einhvers konar hugleiðingum. Eftir að brotþoli sá hann hefði hann komið að honum og stillt sér upp og verið að spá í hann. Brotþoli hefði ekki beint verið í símanum þegar hann var þarna heldur að vinna sig að ákærða, með símann fyrir framan sig en verið að horfa til hliðar og horfa á hann. Sagði ákærði, þegar 27 sekúndur voru liðnar af myndbandinu, og brotþoli sést koma gangandi að honum, að þarna hafi hann verið búinn að sjá hnífinn en brotþoli hefði ekki verið búinn að draga hann upp og haldi brotþoli á símanum sínum í hægri hendi. Sagði ákærði að um leið og hann hefði snúið sér við hefði hann horft niður og séð hnífinn. Kvaðst hann hafa séð hnífinn rétt áður en brotþoli steig niður af gula kantinum um það leyti sem brotþoli hrasaði. Þarna hefði honum staðið mest ógn af hnífnum þótt hann hefði enn verið í buxnastrengnum.
30. Var ákærða kynnt að þegar 56 sekúndur eru liðnar af myndbandinu sést brotþoli standa yfir ákærða sem þá var liggjandi á jörðinni og virðist hann vera að handleika eitthvað í buxnastreng sínum. Sagði ákærði aðspurður að það væri kylfan. Ástæða þess væri sú að á þessum tíma hefði brotþoli verið með hægri höndina á skaftinu á hnífnum. Telji ákærði að brotþoli hafi verið að gera sig líklegan til að draga upp hnífinn. Taldi ákærði ekki að brotþoli hefði þarna verið að biðjast vægðar. Þarna hefði hann sagt brotþola að draga ekki upp hníf og hefði hann sagt það ítrekað við brotþola.
31. Þá var ákærða sýnt myndbandið þegar 1 mínúta og 31 sekúnda var liðin af því, en þar sést hann standa andspænis brotþola með kylfuna í hendi, og hann spurður hvort brotþoli hefði þarna verið að hörfa undan honum eða veitast að honum. Sagði ákærði að brotþoli hefði ekki beint verið að veitast að sér og hann hefði ekki sjálfur verið að veitast að brotþola. Sagði ákærði að hann hefði verið að segja brotþola að koma sér í burtu. Kvaðst ákærði ekki telja að hann hefði beint höggi með kylfunni að höfði brotþola. Ákærði hefði verið kominn með hnífinn í höndina og hefði hann ætlað að slá

hnífinn úr hendinni á brotaþola. Staðfesti ákærði að brotaþoli hafi borið fyrir sig vinstri höndina og að höggið hafi lent á henni en hann hafi haldið á hnífnum í hægri hendi og gert það til að geta veist að ákærða með hnífnum. Hefði brotaþola staðið ógn af því að ákærði var búinn að taka hnífinn alveg upp. Var ákærða kynnt að á myndbandinu sjáist þegar kylfan brotnar og kvaðst ákærði ekki sjá það. Þá staðfesti ákærði að brotaþoli hefði beðið einhvern sem stóð rétt hjá þeim að hringja í lögreglu.

32. Þá kvaðst ákærði ekki, þegar fimm mínútur og 47 sekúndur voru liðnar af myndbandinu, en ákærði sést þar slá til brotaþola með kylfunni, hafa verið að reyna að slá með kylfunni í höfuð brotaþola. Þarna haldi brotaþoli hnífnum fyrir framan sig. Það sjáist á andlinu á ákærða að hann hafi ekki verið að horfa á andlit brotaþola eða höfuð hans heldur einbeita sér að hnífnum. Hann hefði ætlað að slá niður en hefði staðið vitlaust og ekki gert sér grein fyrir hversu mikil fjarlægð var á milli þeirra. Hann hefði verið að reyna að slá í hægri handlegginn.
33. *Brotaþoli* kvaðst hafa verið að rölta fyrir utan Prinsinn og verið að bíða eftir félaga sínum. Hann hefði séð ákærða, sem hann þekkti ekki neitt, á einhverju rafmagnsmótorhjól. Minnst hann þess að hafa sagt, *hey, geggjað hjól*, eða spurt ákærða hvar hann hefði keypt það, en hann hafði aldrei séð svona hjól áður, og telja að þá hafi hann verið einhvers staðar á gangstéttinni. Hann hefði verið drukkinn og muni að hann hefði dottið eitthvað og svo hefði allt orðið svart og hann rankað við sér á jörðinni og hefði ákærði þá staðið yfir honum. Þetta hefði allt gerst hratt og muni hann ekki atvik skref fyrir skref. Staðfesti brotaþoli að hann hefði verið að ræða við ákærða í upphafi á vinsamlegum nótum og lýsa ánægju sinni með hjólið. Kvaðst hann alls ekki hafa verið ógnandi gagnvart ákærða og ekki með neinn tón í röddinni eða svipbrigði. Hann hefði verið gangandi og dottið í áttina að ákærða, eins og sjáist á myndbandinu, og svo verður allt svart.
34. Brotaþoli staðfesti að hann hefði verið með hníf á sér á þegar hann kom að ákærða og hefði hnífurinn verið innan á úlpunni og hefði ekkert sést í hann þegar þetta gerðist. Hann hefði skömmu áður verið að drekka með einhverju fólki hinum megin í Mjóddinni og hefði hnífurinn þá aldrei verið sjáanlegur. Telji hann ólíklegt að það hefði sést í hnífinn þar sem hann var innan á úlpunni og heldur ekki hefði hann verið með hann í buxna-strengnum.
35. Einnig staðfesti brotaþoli að ákærði hefði slegið hann í andlitið og hann við það fallið niður á jörðina. Muni hann ekki hvað ákærði hafi sagt við hann þegar hann lá á jörðinni en hann hefði verið ölvaður og vankast við þetta. Ákærði hefði verið mjög ógnandi og

reiður og sagði brotápoli að honum hefði verið mjög brugðið. Kvaðst hann ekki muna hvort það var þá sem hann dró upp hnífinn eða hvenær það var. Spurður hvort hann muni hvers vegna hann hefði dregið upp hnífinn sagði brotápoli að ákærði hefði verið búinn að ráðast á hann og minnti hann að ákærði hefði haldið á kylfu þegar hann dró upp hnífinn. Þá kvaðst hann á einhverjum tímamarki hafa séð ákærða með bæði kylfu og hníf.

36. Var brotápoli kynnt að það sjáist á framlögðu myndbandi að ákærði virðist slá hann með kylfunni og kvaðst brotápoli muna eftir því. Honum hefði verið mjög brugðið en þarna var maður sem hann hafði aldrei hitt og þekkti ekkert búinn að ráðast á hann áður en hann vissi af og var vopnaður. Þetta hefði allt gerst hratt og hefði hann orðið hræddur. Ákærði hefði ráðist á hann upp úr þurru án nokkurs aðdraganda. Ákærði hefði slegið hann með kylfunni og brotið kylfuna á honum og hefði kylfan legið brotin eftir.
37. Brotápoli var sýnt framlagt myndband. Var brotápoli spurður hvort ákærði hefði, þegar 37 sekúndur voru liðnar af myndbandinu, en þar sést brotápoli ganga að ákærða, verið búinn sjá hnífinn sem hann var með og sagði brotápoli að það gæti ekki verið. Þá staðfesti brotápoli að þegar ein mínúta og 26 sekúndur voru liðnar af myndbandinu, og brotápoli sést hlaupa í áttina frá honum, hefði hann verið búinn að draga upp hnífinn og hefði talið að ákærði hefði jafnvel dregið upp kylfu eftir að hann var búinn að kýla hann niður. Hann hefði tekið upp hnífinn á þessum tímamarki þar sem hann hefði verið hræddur og brotápoli var búinn að ráðast á hann og var að fara í vasann að sækja eitthvert dót þar sem hann stóð yfir honum. Honum hefði staðið ógn af ákærða og því tekið upp hnífinn.
38. Var brotápoli sýnt myndbandið þegar fimm mínútur og 28 sekúndur voru liðnar af því, þar sem ákærði sést kýla brotápoli, og spurður sagði brotápoli að á þessum tíma hefði hann ekki verið búinn að ógna ákærða. Þá var brotápoli sýnt myndbandið þegar fimm mínútur og 47 sekúndur voru liðnar af því, en þar sést brotápoli slá með kylfu í hendi brotápoli, og kvaðst hann muna eftir því þegar ákærði sló hann með kylfunni og hafi hann varið sig með hendinni. Spurður hvar ákærði hefði reynt að slá hann sagði brotápoli að ákærði hefði þarna verið að sveifla kylfunni yfir höfuðið. Honum fannst eins og ákærði hefði ekki verið að reyna að slá hann í höndina. Kvaðst hann minna að hann hafi sveiflað hendinni fyrir höggið þegar höggið var á leiðinni í áttina að honum. Geti hann ekki sagt hvert ákærði ætlaði að slá. Var ákærða sýnt þegar fimm mínútur og 53 sekúndur voru liðnar af myndbandinu, en þar sést ákærði hafa brotápoli með kylfunni í vinstri höndina, og sagði brotápoli að honum sýnist kylfan brotna við höggið. Kvaðst hann hafa

verið bólginn í hendinni eftir höggið með kylfunni. Það hefðu verið teknar af honum myndir daginn eftir og var hann þá með smáfar á hendinni en höndin á honum hefði bólgnað töluvert meira upp eftir að myndirnar voru teknar og marblettir komið fram. Þá hefði hann verið sjáanlega bólginn í framan eftir högg ákærða og væri rétt sem fram kæmi í ákæru að hann hefði verið með roða á vinstri vanga og sár innan á vinstri kinn.

39. *Lögreglumaður nr. B* kvaðst hafa ritað skýrslur um ljósmyndir og vigtun á kylfu sem vitnið staðfesti. Kvaðst hann ekki muna tegund kylfunnar en telja að hún hefði ekki verið frá þekktum framleiðanda. Kylfan hefði verið byggð upp í þremur hlutum sem falla saman, minni hann að hún kallist felukylfa í vopnalögum. Tveir þykkari hlutar kylfunnar sem snúa að þeim sem heldur á henni eru úr einhvers konar plastefni en fremsti hlutinn úr málm. Væri kylfan sambærileg og lögreglukylfur hefðu verið fyrir um 15 árum en í dag væru þær úr stáli og um helmingi þyngri. Kvaðst hann ekki geta séð að það væri neinn munur á skilgreiningu á kylfum eftir þyngd eða lengd. Fram kom hjá vitninu að það hefði verið stálhlutinn sem hefði brotnað af en hann rennur inn í aðeins þykkari plasthluta, sá plasthluti, miðjuhloti kylfunnar, hefði brotnað og einnig hlutinn sem handfangið er á. Þannig hefði kylfan í rauninni brotnað á tveimur stöðum. Staðfesti vitnið að kylfan hefði verið 56 cm löng að fullu útdregin, eftir af brotunum hafði verið raðað saman, og 231,99 g á þyngd.
40. C, [...] ákærða, kvaðst hafa unnið með [...] til sjós og hefðu þeir verið í miklum samskiptum. Sagði hann að ákærði væri hraustur og glaðlyndur að lundarfari og hefðu þessir kostir horfið eftir þessi atvik. Hann hefði orðið dapur, smeykur og hræddur og hefði hann t.d. ekki notað rafmagnshjólíð eftir þetta. Þá væri hann með [...]. Fjölskyldan hefði reynt að hjálpa ákærða og einnig hefði hann farið í [...]. Kvaðst hann hafa séð myndbönd af atvikunum í gegnum fjölmiðla og hefði ákærði komið honum þar fyrir sjónir sem svo að hann hefði verið að bregðast við því sem hann taldi vera árás á sig og sjái hann þetta sem hræðslu.

III

Niðurstaða

41. Ákærði er ákærður fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás og vopnaburð á almannafæri, með því að hafa slegið brotþola fyrirvaralaust hnefahöggi í andlitið þannig að brotþoli féll til jarðar. Og, er brotþoli stóð upp og dró fram hníf, tekið upp útdraganlega kylfu, er ákærði geymdi í buxnastreng sínum, og slegið henni í átt að höfði brotþola, sem bar

fyrir sig vinstri handlegg þannig að kylfan hafnaði á handleggnum og brotnaði. Hlaut brotþoli roða á vinstri vanga og sár innan á vinstri kinn. Er háttsemin í ákæru talin varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. og c-lið 2. mgr. 30. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr., vopnalaga nr. 16/1998.

42. Ákærði neitar sök. Hann hefur viðurkennt þá háttsemi sem greinir í ákæru utan þess að hann kveðst ekki hafa ætlað að slá með kylfunni í höfuð brotþola. Byggir ákærði sýknukröfu sína á því að um neyðarvörn hafi verið að ræða. Verði ákærði sakfelldur telur hann að heimfæra beri háttsemi hans undir 217. gr. laga nr. 19/1940 í stað 2. mgr. 218. gr. sömu laga. Þá hafi huglæg afstaða ákærða ekki staðið til þess að veitast að brotþola.
43. Samkvæmt 108. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 hvílir á ákæruvaldinu að færa sönnur á sekt ákærða. Dómari metur hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé komin fram um hvert það atriði er varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafi, vitnisburður, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn, sbr. 1. mgr. 109. gr. sömu laga. Með 2. mgr. greinarinnar er jafnframt lagt í hendur dómara að meta, ef þörf krefur, hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það. Þá gildir almennt sú grundvallarregla, sbr. 1. mgr. 111. gr. laga um meðferð sakamála, að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi.
44. Ákærði lýsti því fyrir dómi að brotþoli hefði komið aftan að honum þar sem hann stóð við bifhjólið og hefði hann þá strax tekið eftir því að brotþoli var vopnaður hníf sem hefði verið við vinstri hlið brotþola og komið niður úr buxnastreng hans. Hann hefði séð það um leið og hann sneri sér við og áður en hann sá andlit brotþola. Brotþoli hefði síðan hrasað og fallið fram á við og hefðu það verið ósjálfráð viðbrögð ákærða að slá út hendinni þannig að hún hafnaði á vinstri kinn brotþola sem hafi þá fallið á jörðina en ákærði hefði ekki verið að miða á tiltekinn stað. Kvaðst hann ekki hafa áttað sig á því að brotþoli hefði misstigið sig og haldið að hann hafa ætlað að veitast að sér. Eftir að brotþoli féll á jörðina hefði ákærði farið í einhvers konar paník vegna stærðar hnífsins og öskrað á brotþola.
45. Ákærði kvaðst hafa slegið brotþola með kylfunni í því skyni að slá hnífinn úr hendinni á honum en ekki hafa beint högginu að höfði brotþola. Brotþoli hefði borið fyrir sig vinstri höndina en verið með hnífinn í hægri hendi og haldið honum fyrir framan sig. Sagði ákærði það sjást á upptökunni að hann hafi sjálfur verið að horfa á hnífinn. Hann

hefði ætlað að slá niður með kylfunni en staðið vitlaust og ekki gert sér grein fyrir fjarlægð á milli þeirra.

46. Brotapoli kvaðst hafa komið gangandi eftir gangstéttinni og hrósað hjóli ákærða og ekki hafa verið með neina ógnandi tilburði þegar hann sagði þetta. Hann hefði dottið og allt hefði orðið svart, hann rankað við sér á jörðinni og hefði ákærði þá staðið yfir honum. Þegar þetta gerðist hefði hann verið með hníf innan á úlpunni en ekkert hefði sést í hann. Muni hann ekki hvenær hann hafi dregið upp hnífinn og hvort það hefði verið þegar hann lá á jörðinni, en hann hefði dregið hann upp þar sem ákærði var búinn að ráðast á hann og hann minnti að brotapolí hefði þá haldið á kylfu. Hann hefði verið hræddur og þegar ákærði var búinn að slá hann niður á jörðina hefði ákærði farið í vasann að sækja eitthvað á meðan hann stóð yfir honum. Haldi hann að ákærði hefði jafnvel dregið upp kylfuna á meðan hann lá enn á jörðinni. Þá muni hann ekki hvenær í atburðarásinni ákærði hefði slegið hann með kylfunni en kylfan hefði brotnað á honum og brotin legið eftir. Ákærði hefði sveiflað kylfunni eitthvað yfir höfuðið en brotapolí viti ekki hvert ákærði hafi verið að reyna að slá. Honum fannst þó eins og hann væri ekki að reyna að slá hann í höndina. Hann hefði sveiflað hendinni fyrir höggið þegar það var á leiðinni í áttina að honum.
47. Framburður bæði ákærða og brotapola um þau atvik sem ákæran varðar mótast óhjákvæmilega nokkuð af því að þeir hafa séð upptökur af atvikum. Er það mat dómsins að framburðir þeirra beggja samræmist í meginatriðum því sem fram kemur á myndbandinu. Metur dómurinn framburði þeirra beggja trúverðuga um þau atvik sem greinir í ákæru og verður niðurstaða málsins á þeim byggð að því marki sem það er talið samrýmast öðru sem fram er komið
48. Eins og að framan er rakið liggja fyrir upptökur af atvikum. Af myndbandi sem inniheldur upptökur sem lögreglu bærust við rannsókn málsins og skýrslu lögreglu um það sem sjá má af þeim má ráða að ákærði hafi umrætt sinn verið við bifhjól sitt þegar brotapolí kom gangandi að honum. Brotapolí hafi þá hrasað lítilla og ákærði snúið sér skyndilega við og kýlt brotapola kröftugu hnefahöggi í andlitið. Við höggið hafi brotapolí fallið á jörðina og ákærði gengið að honum og öskrað eitthvað á hann. Er sem brotapolí hafi þá snöggreiðst, risið á fætur og dregið fram hníf og ákærði síðan dregið fram kylfu. Í kjölfarið hafi þeir ógnað hvor öðrum með vopnunum og ákærði slegið brotapola einu höggi með kylfunni sem lenti á hendi hans eftir að brotapolí bar höndina fyrir sig. Síðan hefði ákærði sparkað í bakpoka brotapola og hent til farsíma hans en þessir munir hefðu þá legið á jörðinni. Við þetta hafi brotapolí rokið í átt að ákærða og lagt til hans með

hnífnum á meðan ákærði reyndi að forða sér frá.

49. Þá sést einnig á upptökunum að þegar brotaþoli kom gangandi í áttina að ákærða í upphafi atburðarásarinnar virðist brotaþoli ýmist vera að fylgjast með ákærða eða horfa á símann sinn sem hann er með í hægri hendi en í þeirri vinstri er hann með hátalara og snúru. Þar sést að ákærði leit upp í áttina að brotaþola áður en hann kom að honum og virðist því hafa verið búinn að sjá brotaþola áður en brotaþoli hrasaði í áttina að honum. Þá verður einnig ráðið af upptökunum að í aðdraganda hnífstungunnar hafi ákærði, eins og að framan er rakið, slegið brotaþola í andlitið og lamið hann í handlegginn með kylfu. Einnig sést þar að ákærði hótadi brotaþola með kylfunni eftir að hún brotnaði á hendi brotaþola og að brotaþoli hótadi ákærða með hnífnum áður en hann stakk ákærða. Af því sem sjá má af líkamstjáningu þeirra og heyra af hljóðupptöku verður ráðið að eftir að ákærði sló brotaþola í andlitið hafi þeir rifist og báðir virst vilja losna við hinn aðilann en hvorugur gefið sig og farið.
50. Þá má sjá á upptökunum að ákærði stóð yfir brotaþola þar sem hann lá á jörðinni, sagði eitthvað og benti um leið á brotaþola sem setti þá báðar hendur upp og var hann þá ekki með neitt í höndunum. Í kjölfar þess bakkaði ákærði frá brotaþola sem þá stóð upp og á meðan benti ákærði aftur á hann og virðist vera að segja eitthvað við brotaþola sem leiddi til þess að brotaþoli virðist snöggreiðast og stóð þá upp. Verður ráðið af upptökunni að um svipað leyti hafi hann tekið hnífinn úr hুলstri. Ákærði hljóp þá á brott og brotaþoli á eftir honum með hnífinn í hægri hendi og hélt honum fyrir framan sig. Brotaþoli bakkaði síðan frá ákærða sem þá tók upp kylfuna og dró hana út og reiðir hana aðeins, eins og til höggs, en brotaþoli hélt áfram að bakka og byrjaði að losa af sér bakpoka sem hann var með á bakinu. Ákærði sló síðan í áttina að brotaþola sem setti vinstri hönd sína fyrir höggið og var hann þá með hnífinn í hægri hendi en á hægri handlegg hans hékk enn bakpokinn sem hann síðan lagði frá sér. Í kjölfar þess breytti brotaþoli stöðu hnífsins í hægri hendi sinni og lét þá hnífsblaðið standa út úr hnefanum frá litla fingri og hótadi ákærða með hnífnum eða lagði hann þannig í átt að ákærða án þess þó að virðast ætla sér að stinga hann.
51. Ákærði hefur viðurkennt að hafa slegið brotaþola hnefahögg í andlitið þannig að hann féll til jarðar. Fær það jafnframt stöð í framburði brotaþola og framlögðu myndbandi af atvikum og telst sú háttsemi sönnuð.
52. Þá hefur ákærði viðurkennt að hafa slegið brotaþola með kylfu í hægri hendi en neitar því að hafa beint högginu að höfði brotaþola sem hafi þá varið sig með því að setja hægri

höndina fyrir höggið. Af myndbandinu verður ráðið að ákærði reisti hægri hönd sína, sem hann var með kylfuna í, upp í höfuðhæð sína þegar hann reiddi til höggs með henni í átt að brotaþola. Brotaþoli lyfti vinstri hendi sinni í höfuðhæð þegar hann varðist högginu og er að sjá sem höggið hafi lent á handlegg hans. Með framangreindu, sem fær stoð í þeim framburði brotaþola að ákærði hefði sveiflað kylfunni eitthvað yfir höfuð og hann sett hönd sína fyrir höggið, telur dómurinn sannað að ákærði hafi slegið kylfunni í átt að höfði brotaþola eins og í ákæru greinir.

53. Kylfan sem ákærði beitti var með enda úr málm, rúm 200 g að þyngd og 56 cm að lengd. Telur dómurinn að um sé að ræða hættulegt vopn í skilningi 2. mgr. 218. gr. laga nr. 19/1940, og samkvæmt ofangreindu sé sannað að ákærði hafi beint högginu að höfði brotaþola.
54. Ákærði byggir sýknukröfu sína á því að um neyðarvörn hafi verið að ræða. Í 1. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 segir að það verk sé refsilaust sem menn vinna af neyðarvörn, að því leyti sem það hefur verið nauðsynlegt til þess að verjast eða afstýra ólögmati árás sem byrjuð er eða vofir yfir, enda hafi ekki verið beitt vörnum sem séu augsynilega hættulegri en árásin og tjón það sem af henni mátti vænta gaf ástæðu til. Þá segir í 2. mgr. að hafi maður farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar samkvæmt 1. mgr. og ástæðan sé sú að hann hafi orðið svo skelfdur eða forviða að hann gat ekki fullkomlega gætt sín skuli honum ekki refsað. Samkvæmt dómaframkvæmd hvílir ekki á ákæruvaldinu að hnekkja staðhæfingu ákærða um atvik sem horft gætu honum til refsileysis.
55. Ekki verður ráðið af upptökunum hvort það hafi sést í hnífinn sem brotaþoli var með frá sjónarhorni ákærða áður en ákærði sló brotaþola hnefahögg í vinstri kinn. Þar sést hins vegar að brotaþoli var með hluti í báðum höndum þegar ákærði sló hann, eins og að framan er rakið. Er ekkert fram komið því til sönnunar að brotaþoli hafi, áður en ákærði sló hann, ógnað honum eða látið einhver orð falla sem ákærði hafi mátt túlka sem hótun í sinn garð. Þannig verður ekki ráðið af því sem fram er komið í málinu að ákærða hafi stafað ógn af brotaþola, jafnvel þótt ákærði væri búinn að sjá hnífinn en af því sem sést síðar á upptökunni má ráða að hann hafi verið í hulstri. Er því ekki uppfyllt það skilyrði 1. mgr. 12. gr. laga nr. 19/1940 að háttsemin hafi verið nauðsynleg til þess að verjast eða afstýra ólögmati árás sem byrjuð er eða vofir yfir. Þannig telst ósannað að skilyrði neyðarvarnar hafi verið uppfyllt þegar ákærði sló brotaþola hnefahöggi í andlitið.
56. Þá byggir ákærði á því að ásetningur hans hafi ekki staðið til þess að slá brotaþola í

andlitið heldur hafi verið um að ræða ósjálfráð viðbrögð hans. Af upptöku af atvikinu verður ráðið að ákærði var búinn að sjá brotþola nokkru áður og hafði hann þannig svigrúm til að átta sig á aðstæðum. Þannig er það mat dómsins að ákærði hafi mátt vita að með því að slá í áttina að brotþola, eins og atvikum var háttað, hefði högg hans getað lent á andliti hans en hann látið sér það í léttu rúmi liggja. Með framburði brotþola og skýrslu tæknideildar vegna læknisskoðunar á brotþola í kjölfar atvikanna telst sannað að brotþoli hafi við höggið hlotið þá áverka sem greinir í ákæru.

57. Ákærði byggir á því að ætlun hans hafi verið sú að slá hnífinn úr hægri hendi brotþola þegar hann sló til hans með kylfunni. Ákærði og brotþoli lýstu því báðir að þeir hefðu verið búnir að drekka áfengi þegar atvik gerðust og báðir verið hræddir í þeim aðstæðum sem komu upp. Verður ráðið af upptökum af atvikum að brotþoli hafi verið búinn að taka upp hníf áður en ákærði sló til hans með kylfunni og að þeir hafi áður ógnað hvor öðrum með vopnum sínum og að brotþoli hafi hlaupið á eftir ákærða með hnífinn fyrir framan sig en síðan bakkað frá. Þegar ákærði veitti brotþola höggið virðist brotþoli vera að losa sig við bakpokann sem þá hindraði notkun hans á hægri hendi en beindi þrátt fyrir það hnífnum í áttina að ákærða. Í kjölfar höggsins hélt brotþoli áfram að ógna ákærða með hnífnum. Í ljósi þessa verður fallist á það með ákærða að þegar hann sló brotþola með kylfunni hafi vofað yfir ákærða árás brotþola með hnífnum. Einnig verður talið að eins og atvikum var háttað hafi verið nauðsynlegt fyrir ákærða að verjast atlögu ákærða. Eins og rakið er í dómi í máli nr. S-[...]/2025 lauk þessari atburðarás er ákærði ætlaði að taka síma brotþola upp af jörðinni og virtust atvik þá vera að róast niður. Meðan á því stóð veittist brotþoli að honum með hníf og stakk ákærða þegar hann reyndi að hlaupa undan brotþola. Verður ekki talið að með atlögu sinni hafi ákærði beitt vörnum sem séu augskýrlega hættulegri en árás brotþola og tjón það sem af henni mátti vænta gaf ástæðu til. Samkvæmt framangreindu verður ákærði, vegna neyðarvarnar, sýknaður af refsikröfu ákæruvaldsins vegna þeirrar háttsemi að hafa slegið kylfunni í átt að höfði brotþola, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 19/1940.
58. Með vísan til framangreinds er ákærði sakfelldur fyrir að hafa fyrirvaralaust slegið ákærða hnefahögg í andlitið og er háttsemi hans talin varða við 1. mgr. 217. gr. laga nr. 19/1940.
59. Ákærði er einnig ákærður fyrir vopnaburð á almannafæri og er brotið í ákæru talið varða við 1. mgr. og c-lið 2. mgr. 30. gr. vopnalaga nr. 16/1998. Samkvæmt 1. mgr. lagaákvæðisins er vopnaburður á almannafæri bannaður og samkvæmt 2. mgr. er bannað

að flytja inn, framleiða, eignast eða hafa í vörslum sínum samkvæmt c-lið m.a. felukylfu, líkt og kylfu ákærða var. Verður ákæra málsins skilin svo að á því sé byggt að við meðferð kylfunnar hafi ákærði gerst brotlegur gegn lagaákvæðinu. Ákærði hefur viðurkennt meðferð kylfunnar eins og að framan er rakið og verður það einnig ráðið af framangreindu myndbandi. Með vísan til þess telst sannað að ákærði hafi gerst sekur um vopnaburð á almannafæri og er sú háttsemi hans rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

IV

60. Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 16. desember 2025, hefur ákærða nokkrum sinnum verið gerð refsing, aðallega vegna umferðarlagabrota. Þá var ákærði, með dómi héraðsdóms [...] 2023, dæmdur til greiðslu sektar vegna hótana, sbr. 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Að öðru leyti kemur sakaferill ákærða ekki til skoðunar.
61. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir líkamsárás með því að hafa slegið brotáþola hnefahögg í andlitið og brot gegn vopnalögum. Með vísan til framangreindrar niðurstöðu um sekt ákærða verður ekki á það fallist að sú háttsemi hafi verið unnin í áflogum þannig að 3. mgr. 218. gr. c í lögum nr. 19/1940 eigi við. Þá eru heldur ekki forsendur til að horfa til 74. eða 75. gr. sömu laga við ákvörðun refsingar.
62. Við ákvörðun refsingar ákærða verður til refsipýngingar litið til 1. og 3. töluliðar 1. mgr. 70. gr. laga nr. 19/1940 en atлага ákærða var fyrirvaralaus og beindist gegn líffi og heilsu brotáþola. Þá lítur dómurinn til þess að atvik milli ákærða og brotáþola þróuðust þannig í kjölfarið að brotáþoli stakk ákærða með hnífnum sem hann hafði áður verið að verjast og hlaut ákærði af því lífshættulega áverka og er enn í dag að glíma við afleiðingar þess. Með hliðsjón af framangreindu og sakarefni málsins og með vísan til 1. mgr. 57. gr. laga nr. 19/1940 verður ákvörðun refsingar ákærða frestað skilorðsbundið eins og í dómsorði greinir.
63. Ákærði greiði helming málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur lögmanns, sem alls eru ákveðin 550.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, en helmingur þeirra greiðist úr ríkissjóði. Annan sakarkostnað leiddi ekki af meðferð málsins.
64. Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Karl Ingi Vilbergsson, settur varahéraðssaksóknari.
65. Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákvörðun refsingar ákærða, Ívars Heimissonar, er frestað og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði helming málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur lögmanns, sem alls eru ákveðin 550.000 krónur, en helmingur þeirra greiðist úr ríkissjóði.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir